

Ed.

84. Nefndarálit

um till. til þál. um skógræktarstöð í Hvammi í Dölum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um aðstöðu til skógræktar og trjáplöntuuppeldis á prestssetursjórðinni Hvammi í Dölum. Hefur skógræktarstjóri mætt á fundi með nefndinni og látið þar uppi álit sitt um þau atriði. Að fengnum þeim upplýsingum hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að gera, í samráði við biskup landsins og skógræktarstjóra, ráðstafanir til þess, þegar næst verða prestaskipti í Hvammi í Dölum, að þá verði hæfilegur hluti jarðarinnar, sá sem bezt er til skóggæðslu fallinn, lagður undir skógrækt ríkisins. Jafnframt verði þar trjáplöntuuppeldi fyrir Dalasýslu.

Alþingi, 12. des. 1942.

Páll Hermannsson,
form.

Þorst. Þorsteinsson,
frsm.

Eiríkur Einarsson,
fundaskrifari.

H. Guðmundsson.

Kristinn Andrússon.